

Umráðamenn hrossa geta nú skilað haustskýrslu í gegnum Heimarétt WorldFengs. Haustskýrslu skal skila fyrir 20. nóvember ár hvert. Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi hrossa sem umráðamaður hefur yfir að ráða samkvæmt skráningu í WorldFeng.

Vinsamlegast athugið að umráðamenn búfjár þurfa að skila haustskýrslu samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013. *Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess.

Eigendur hrossa bera ábyrgð á að hross hafi skráða staðsetningu (búsnúmer) og umráðamann.

Umráðamenn bera ábyrgð á að skila haustskýrslu.

Til að skila haustskýrslu þarf að gera eftirfarandi:

1. Hross/umráðamenn þurfa að vera tengd/ir við staðsetningar (bú og/eða hesthús) svo hægt sé að bæta við og breyta staðsetningum út frá **Heimarétt – Staðsetning (búsnúmer)**. Athugið að umráðamaður getur skráð fleiri en eitt búsnúmer á sig ef öll hans hross eru ekki staðsett á sama stað. Athugið að ef staðsetning finnst ekki í leitarvélinni er hægt að velja viðkomandi sveitarfélag Utan lögbýla.
Dæmi: Utan lögbýla, Rangárþing-Eystra.
2. Farið inn í **Heimaréttina – Hrossin mín** og staðsetjið hrossin á þann stað sem þau eru á mestan hluta ársins.
3. Því næst þarf að fara í **Heimarrétt – Umráðamaður** og ganga úr skugga um að öll hross hafi skráðan umráðamann, þar sem það er á ábyrgð umráðamanns að skila haustskýrslu yfir þau hross sem hann er í umráði fyrir. *Tekið skal fram að umráðamaður ber ekki ábyrgð á skilum fyrir einstaklinga/aðila heldur einungis þeim hrossum sem hann eru í hans umráði.*
4. Þegar búið er að yfirfara öll gögn með tilliti til ofangreindra atriða fer umráðamaður í **Heimarétt - Haustskýrsla umráðamanns** og skilar skýrslu. Ef hross umráðamanns er staðsett á fleiri en einum stað, þarf að skila skýrslu fyrir hverja staðsetningu.
5. Athugið að við flutning á upplýsingum um hross úr WorldFeng yfir í haustskýrslu í Bústofni þá fylgja með upplýsingar um fæðingarnúmer hrossanna. Þetta á einnig við ef skráning er gerð í Bústofni og sóttar eru upplýsingar úr WorldFeng. Með þessu er komið í veg fyrir að sama hross sé talið fram á fleiri en einni haustskýrslu.

Athugið að ekki er hægt skila haustskýrslu í gegnum WorldFeng ef:

- Annað búfé er skráð á viðkomandi staðsetningu (bú) og kennitölu.
- Skráð var uppskera í haustskýrslu í fyrra, ekki þó keypt eða fyrningar. Í þessum tilfellum þarf að ganga frá gögnunum í WF, eins og lýst er hér að ofan, en klára haustskýrsluskil í Bústofni bustofn.is

Frekari upplýsingar veitir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, búnaðarstofa og dýraeftirlitsmenn.